

Alþingi
Erindi nr. D 139/661
komudagur 3. 12. 2010



Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1.12.2010.

Efni: Umsögn Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, um frumvarp til laga um málefni fatlaðra (flutningur málaflokksins til sveitarfélaga), 256. mál.

Stjórn Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, hefur fjallað um frumvarp til laga um málefni fatlaðra (flutningur málaflokksins til sveitarfélaga), 256. mál.

Almennar athugasemdir:

Blindrafélagið er almennt hlynnt því að færa nærþjónustuna til nærsamfélagsins og telur eðlilegt að öllum íbúum sé veitt félagsþjónusta frá sama stjórnsýslustigi óháð því hvaða þjónusta er þörf. Einnig er mikilvægt að með þessari breytingu mun framkvæmd þjónustu og eftirlits verður aðskilið, í því felst mikilvæg réttarbót.

Þrátt fyrir þessa almennu afstöðu þá telur Blindrafélagið að þegar um er að ræða mjög sérhæfða þjónustu við fámennan hóp svo sem blinda og sjónskerta, þá sé nauðsynlegt að slík starfsemi sé miðlæg og á hendi ríkisins. Enda er gert ráð fyrir að starfsemi þjónustu og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga verði áfram á hendi ríkisins og fagnar Blindrafélagið því.

Til að tryggja mannréttindi fatlaðs fólks þá leggur Blindrafélagið ríka áherslu á að Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur samhliða afgreiðslu þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar. Samningurinn verði síðan innleiddur eins fljótt og nokkur kostur er. Jafnframt telur Blindrafélagið eðlilegt að samningurinn sé á forræði Dóms- og mannréttindaráðuneytisins eins og aðrir mannréttinasáttmálar sem Íslendingar hafa undirritað. Allt annað er óeðlileg aðgreining.

Trúnaðarmaður og réttindagæsla:

Í 26.gr. frumvarpsins er fjallað um trúnaðarmenn fatlaðra. Að mati Blindrafélagsins er nauðsynlegt að kveða á um fjölda trúnaðarmanna og að haft verði samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks um það atriði. Lágmark er að einn trúnaðarmaður verði að vera starfandi í hverri þjónustumiðstöð til að tryggja nærþjónustu við fatlað fólk.

Framkvæmdasjóður fatlaðra

Samkvæmt 34.gr. frumvarpsins skal framkvæmdasjóður fatlaðra lagður niður 1. Janúar 2011 og að frá þeim tíma taki fasteignasjóður innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við réttindum og skyldum sjóðsins í tengslum við fasteignir sem nýttar eru í þágu þjónustu við fatlaða við yfirfærsluna. Í reglugerð um



stjórnarnefnd málefna fatlaðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra II kafla 8.gr. er fjallað um hlutverk sjóðsins og meðal þess sem þar má finna um hlutverk hans er::

- Veita styrki til félagsamtaka og sjálfseignarstofnana, til stofnana og heimila fatlaðra,
- Veita styrki til framkvæmdaaðila félagslegra íbúða sem ætlaðar eru til leigu,
- Verja allt að 10% af ráðstöfunarfé til að bæta aðgengi opinberra stofnana.
- Verja allt að 25% af ráðstöfunarfé til meiri háttar viðhaldsframkvæmda stofnana og heimila fatlaðra, .
- Veita fé til breytinga á almennum vinnustöðum.
- Veita fé til kannana og áætlana í málefnum fatlaðra.
- Veita fé til annarra framkvæmda en fram koma í grein þessari sem nauðsynlegar eru taldar í þágu fatlaðra.

Í frumvarpinu er hvergi tekið fram hver á að taka við þessum hlutverkum sjóðsins. Þessi atriði hafa haft mikla þýðingu fyrir fatlað fólk og hagsmunasamtök þeirra sem hafa getað sótt í þennan sjóð til að viðhalda húsnæði og vinna að bættu aðgengi fyrir fatlað fólk. Blindrafélagið telur að ekki sé hægt að láta þessi verkefni liggja óbætt hjá garði eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Flest í þessari umsögn er samhljóða afstöðu annarra samtaka fatlaðra svo sem eins og ÖBÍ og Landssamtakanna Þroskahjálp. Blindrafélagið lýsir sig í öllum meginatriðum sammála þeim athugasemdum sem fjallað er um í athugasemdum ÖBÍ sem ekki er fjallað um hér.

Virðingarfyllst,

Kristinn Halldór Einarsson
Formaður Blindrafélagsins,
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi